

**Sp.**

### **313. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

Nefndin hefur klofnað um málið. Hef ég ekki séð mér fært að skila sameiginlegu álitni með meiri hlutanum, er ríkisstjórninni fylgir. Mun fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni einnig gera grein fyrir sinni afstöðu í sérstöku álitni, þar sem hann óskaði ekki að skila sameiginlegu álitni ásamt undirrituðum.

Ástæðan til þess, að ég hef ekki séð mér fært að fylgja meiri hlutanum að málum, er fyrst og fremst sú, að þetta frumvarp og afgreiðsla meiri hlutans á því er algerlega byggð á sömu fjármálastefnu og gilt hefur undanfarin ár. Þeirri stefnu er ég ósamþykkur, þar sem ég tel hana hafa leitt til erfiðleika fyrir atvinnulífið og þar með haft slæm áhrif á hag alls almennings í landinu og enn fremur stutt að því að gera okkur Íslendinga fjárhagslega háða erlendum aðilum. Þá skal enn fremur á það bent, að með afgreiðslu þessa frv., eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til að hún verði, heldur áfram sú þróun, er mjög hefur verið áberandi í fjárlagaafgreiðslu síðustu ára, að fjárframlög til verklegra framkvæmda halda ekki sínu eðlilega hlutfalli hvað fjárupphæðir snertir, fara því raunverulega lækkandi miðað við heildarútgjöld fjárlaganna og vaxandi dýrtíð.

Skulu atriði þessi nú rökstudd nánar.

Þegar frumvarp þetta var lagt fram í þingbyrjun, flutti hæstsv. fjármálaráðherra framsöguræðu, svo sem venja er til, og var hún birt í blaði hans undir fyrirsögninni: „Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur í þrjú ár án skatta- eða tollahækkana.“ Er hér átt við árin 1950—1952. Með þessum og öðrum slíkum fullyrðingum er því sífellt haldið að þjóðinni, að efnahagsmál og fjármál hennar séu á stöðugri leið í viðreisnarátt. Af því mun eiga að draga þá ályktun, að nú sé þjóðin um það bil að komast á traustan grundvöll fjárhagslega, og þar með, að atvinnulífið í landinu standi betur að vígi en fyrir þremur til fjórum árum. Hver einasti maður veit, að þetta er rangt. Allur hagur almennings er stórum lakari og atvinnuleysi miklu meira.

Sé reynt að taka niðurstöðutölur fjárlaganna út úr og benda á þær einar sem dæmi um heilbrigðan þjóðarbúskap, þá verður það blekking ein, byggð á fólkskum forsendum, nema atvinnulífið sé þannig grundvallað, að það geti undir fjárlögunum staðið. Hins vegar er það tvímælalaust hlutverk fjárlagaafgreiðslunnar að vera atvinnulífinu til stuðnings, og tel ég, að á það hafi skort a. m. k. undanfarin ár.

Árið 1950, sem var fyrsta valdaár núverandi stjórnar, voru rekstrartekjur ríkisins áætlaðar 298 millj. kr. Rekstrarútgjöld voru áætluð 262 millj. kr. og rekstrarafgangur því um 36 millj., er aftur fór til að mæta útgjöldum til eignaaukninga á 20. grein.

Samkvæmt tillögum þeim, er meiri hlutinn hefur gert um afgreiðslu frv., munu rekstrartekjur nema 397.6 millj. Rekstrarútgjöld munu nema 360 millj. og rekstrarafgangur 37.6 millj. Hér er því um að ræða 100 millj. kr. hækkun á aðalniðurstöðum fjárlaganna, en rekstrarafgangur sá, sem til eignaaukningar fer, er nálega hinn sami og árið 1950. Er ljóst, að hér er um öfugþróun að ræða og eitthvað bogið við

grundvöllinn að þeirri þróun. Þó munu ekki vera komin hér öll kurl til grafar, því að eitthvað munu þessar tölur eiga eftir að breytast við 3. umræðu.

Gagnvart fullyrðingu þeirri, að skattahækkun hafi engin orðið á þessum árum, er hér samanburður á nokkrum helztu skattstofnum árið 1950 og fyrirhugaðri upphæð 1953. Er hann þannig:

	1950	1953
Tekju- og eignarskattur .....	40 000 000	52 000 000
Vörumagnstollur .....	21 000 000	22 500 000
Verðtollur .....	78 000 000	105 000 000
Aukatekjur .....	1 800 000	3 500 000
Stímpilgjald .....	4 500 000	9 000 000
Söluskattur .....	47 500 000	83 000 000

Þótt þetta séu helztu liðirnir, mætti vel nefna fleiri, en verður þó ekki gert hér, þar sem þessi dæmi nægja fyllilega til að sýna, hve mjög hafa hækkað þeir skattar og tollar, sem mest áhrif hafa á verðlagið í landinu með því að leggjast þess á vöruverðið og gefa jafnframt tækifæri til hærri verzlunarálagningar. Auk þessa skal á það bent, að öll þessi ár hafa áætlanir verið gerðar of lágar, og eru þessar tölur í reyndinni mun hærri en áætlanir sýna. Virðist þetta gert í þeim ákveðna tilgangi að fá út hærri tekjur en áætlanir sýna og hafa þannig rýmri hendur til greiðslna utan fjárlaga. Aldrei hefur þetta þó orðið eins og 1951, þegar tekjur umfram áætlanir námu á annað hundrad millj. kr. Sér hver maður, að í slíkum tilfellum verður minna það aðhald, er ríkisstjórnin ætti að hafa til að gæta varúðar í greiðslum utan fjárlaga. Allar líkur eru til, að einnig á þessu ári fari tekjur allmikið fram úr áætlun, þótt ekki verði enn þá séð að fullu, hve mikið það verður.

Alkunnugt er það, að skatta- og tollabyrðin hvílir mjög þungt á atvinnulífnum og einnig á afkomu alls almennings. Veldur hún því tvennu: Í fyrsta lagi auknum kröfum atvinnulífsins um opinbera aðstoð og í öðru lagi auknum kröfum almennings um hækkaðar tekjur. Verst mun þó, að í sumum tilfellum a. m. k. mun hún hafa beinlínis hjálpað til að draga úr framleiðslunni og þar með minnkað þjóðar-tekjurnar og skapað atvinnuleysi. Þrásinnis hafa sósíalistar bent á það, að til þess að skapa ríkissjóði nauðsynlegar tekjur væri eðlilegt, að ríkið tæki í sínar hendur sem mest af þeirri framleiðslu, er teljast má óþarfavara, en þó er framleidd og seld afar dýru verði. Má þar til nefna sælgætisframleiðslu, öl og gosdrykki o. fl. Þá var einnig á síðasta þingi háð allhörð deila bæði í fjárveitinganefnd og sameinuðu Alþingi um afnám söluskattsins, sem viðurkennt er, að leggist allra skattstofna þyngst á atvinnulífið með þeirri dýrtíðaraukningu, sem hann veldur.

Ég flutti þá í nefndinni tillögu þess efnis, þegar nefndin hóf störf, og jafnframt um það, að nefndin gerði vandlega athugun á því, hvornig lækka mætti útgjöld ríkisins til að ná þeim jöfnuði. Virtist það vera þeim mun auðveldara þar sem þá var sýnt, að greiðsluafgangur ríkissjóðs yrði verulegur á því ári. Hins vegar kom það í ljós, að hvorki meiri hluti nefndarinnar, þingsins né ríkisstjórnin vildi sinna því máli á nokkurn hátt. Ég er enn á sömu skoðun og áður, að eigi að takast að breyta þeirri þróun, sem átt hefur sér stað undanfarin ár í dýrtíðarmálum, þá verði að byrja ofan frá á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis, en hver maður veit, að undanfarin ár hafa aðgerðir þessara aðila einmitt stutt mjög að þessari þróun. Hins vegar var sýnilega engin breyting á afstöðu ríkisstjórnarinnar og þar með meiri hluta Alþingis, og því mundu tillögur í þessa átt verða jafnárangurslausar og fyrir ári.

Þá skal minnzt á annan þátt í stefnu núverandi ríkisstjórnar í þessum málum, sem sé þann, hve þjóðin hefur sífellt orðið fjármálalega háðari erlendum aðilum.

Árið 1951 fengum við erlent gjafafé að upphæð 135.5 millj. kr. Það er því auðvitað alger blekking, þegar fullyrnt er, að þjóð, sem fær þvílíkar gjafir, reki greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Í sambandi við allt hið erlenda hernaðarvesen, sem

Þjóðin er nú flækt í, eru t. d. ýmsar upphæðir í fjárlagafrv. Þar er t. d. 364 þús. kr. upphæð til að kosta skrifstofu Íslands hjá NATO (þ. e. Atlantshafsbandalaginu) í París. Mun starf þeirra sendimanna eiga að vera það að fylgjast með því, hvernig aðrar bandalagsþjóðir standa við skuldbindingar sínar um hervæðingu í þágu bandalagsins. Miklir menn erum við Íslendingar orðnir! Þessari upphæð og öðrum slíkum tel ég betur varið í þágu íslenzks atvinnulífs og til að bæta úr atvinnuleysi og legg því til að fella þær niður. En bæði þetta og margt fleira þessum málum viðkomandi, sem frv. ber með sér, sýnir, hve háðir erlendum aðilum við erum orðnir, og það er sannarlega tími til þess kominn fyrir Alþingi að taka þau mál til alvarlegrar endurskoðunar.

S. 1. ár hafði ríkisstjórnin ekki minna en eitt þúsund og þrjátíu millj. kr. úr að spila í erlendum gjaldeyri. Allir vita, að verulegum hluta þess gjaldeyris var eytt í óþarfa innflutning, sem í stað þess að bæta afkomu þjóðarinnar varð til að draga úr innlendra framleiðslu og skapa atvinnuleysi í landinu. Hver getur efazt um, að á þeim fjármunum öllum hefði mátt halda þannig, að atvinnulífið og þar með hagur alls almennings hefði verið í blóma, í stað þess að nú berast neyðaróp um atvinnubætur úr nálega öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins?

Jafnframt því eru fjárlög afgreidd þannig, að sífellt minni hluti af heildarfjárhæð þeirra fer til framkvæmda, sem skapa atvinnu, vegna þess að hið háa verðlag í landinu, sem beinlínis er búið til af hinum opinberu stjórnarvöldum, ýmist með gífurlegum tollum og sköttum á neyzluvörur eða með okurverzlunarálagningu, gleypir mestallar ríkistekjurnar. Það er því sýnt, að fjármála- og efnahagsmálaástand þjóðarinnar verður ekki lagfært, meðan sú stefna ríkir, sem fylgt hefur verið undanfarin ár og enn er fylgt við afgreiðslu þessa frumvarps.

Þeim breytingartillögum, sem ég flyt á sérstöku þingskjali, mun ég gera grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Ásmundur Sigurðsson.